



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar,  
við setningu Kirkjubings  
15. október 1996**

Biskup Íslands. Virðulegir þingfulltrúar.

Þegar forseti Íslands ávarpar kirkjubing felast í þeirri athöfn þakkir fyrir þjónustu kirkjunnar við Guð vors lands og virðing fyrir hlut íslenskrar kirkju í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði og framförum.

Kirkjan var um aldir musteri íslenskrar tungu og athvarf landsmanna í erfiðri glímu við óblíða náttúru, fátækt og harðræði.

Þegar frelsishugsjón efldist með Íslendingum á öndverðri síðustu öld sóttu forgöngumenn efnivið og áræðni í þá arfleifð sem kirkjan hafði varðveitt. Í öllum landshlutum reyndust prestarnir traustir bandamenn Jóns Sigurðssonar í baráttu hans fyrir réttindum þjóðarinnar.

Við setningu Alþingis 1. október vitnaði ég til orða séra Hannesar Stephensen prófests sem á fyrsta fundi hins endurreista Alþingis 1845 bar upp kröfuna um að þinghaldið yrði ávallt í heyranda hljóði. Aðeins á þann hátt yrðu lýðrættindi samtímans tryggð og tengd fornum rétti Íslendinga frá þjóðveldisöld.

Saga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu og framfarasóknar er ríkulega samofin starfi kirkjunnar, æviverkum sóknarpresta til sjávar og sveita. Kannski hefur þessu hlutverki íslensku þjóðkirkjunnar ekki nægilega verið haldið til haga þegar staða hennar og störf eru vegin og metin á okkar tíð, oft af takmarkaðri yfirsýn og jafnvel fljótfærni.

Á ferðum mínum um Vestfirði fyrir skömmu mátti finna fjölmargar tilvísanir til þessa samhljóms kirkjunnar við sögu þjóðarinnar, sjálfstæðisbaráttu hennar og fjölskrúðugt mannlíf. Mörg minni um slíkt samspil birtast okkur um landið allt.

Það var ánægjuefni að kynnst því í för um sýslurnar sem kenndar eru við Barðaströnd og Ísafjörð hve mikla rækt prestarnir sem þjóna hinum vestfirsku byggðum leggja við sögu kirkju og þjóðar og hvernig þeir tengja hana við lífsbaráttu fólksins á okkar tíð. Sú reynsla var sönnun þess að

líftaug prests, safnaðar og sögu er enn á okkar dögum sá strengur sem veitir kirkjunni sterkan hljóð.

Íslenska þjóðkirkjan hefur ávallt borið gæfu til að vera máttarstoð samfélagsins, hvort heldur er þeirrar heildar sem gerir okkur að þjóð eða byggðarlaga sem löngum hafa búið við einangrun í afskekktum fjörðum eða milli fjalla.

Þessi samfylgd kirkju og samfélags var ríkur þáttur í uppeldi mínu bæði hjá afa mínum og ömmu á Þingeyri og í foreldrahúsum á Ísafirði, timburhúsinu í Túngötunni þar sem fyrrum séra Sigurgeir og sonur hans, báðir síðar biskupar, bjuggu í húsi föður míns. Afi minn og nafni á Þingeyri sem í röska hálföld stóð við steðjann í gömlu smiðjunni helgaði Þingeyrarkirkju hinn hluta æviverksins, var þar meðhjálpari í áratugi og lét oft ungan dótturson aðstoða sig við undirbúning helgihaldsins.

Kirkjan í þessu vestfirska sjávarplássi var ekki aðeins guðshús, heimkynni tilbeiðslu og hátíða, heldur einnig akkeri í ölduróti mannlífs sem oft hlaut áföll en lét þó aldrei bugast. Sóknarprestarnir voru leiðtogar fólksins og spor þeirra djúp, bæði innan kirkju og utan, þátttakendur í göngu fólksins til betra mannlífs.

Ég nefni þessa þætti hér við setningu kirkjuþings til að áréttu þær þakkir sem þjóðinni er skylt að færa kirkju landsins, þjónum hennar og leiðtogum. Við Íslendingar gætum vart notið sjálfstæðs réttar í samfélagi þjóða heims ef kirkja landsins hefði ekki haldið vöku sinni, fært þjóðinni áræðni og kjark, og verið vettvangur sem tengdi fólk böndum trúar og tryggðar.

Þegar virðulegir fulltrúar á kirkjuþingi fara nú að fjalla um vanda kirkjunnar og viðfangsefni, tel ég mikilvægt að hið áhrifamikla og margbrotna hlutverk þjóðkirkjunnar í baráttu Íslendinga fyrir sjálfstæði og framför lands og lýðs sé viðmiðun sem höfð sé í huga, áminning um að það þarf að ávaxta arfleifð sem er í senn einstök og stórbrotin.

Í ölduróti breytinga sem umskapa ört alla heimsbyggðina hefur íslenska þjóðkirkjan einnig leitast við að tryggja hlutdeild Íslendinga í trúarlegu samstarfi þjóða og kirkjudeilda. Hið nýja alþjóðlega starf þjóðkirkjunnar er rökrétt framhald af þátttöku hennar í baráttu fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og fullveldi.

Hið sammannlega er nú alþjóðlegra en nokkru sinni fyrr. Kristilegur kærleikur tengir okkur ekki aðeins við örlög nágretta og samlanda heldur einnig hörmungar og lífshamingju bræðra okkar og systra um veröld víða.

Það er ekki aðeins hlutverk forseta lýðveldisins, ríkisstjórnar og Alþingis að vera fulltrúar Íslendinga í samfélagi þjóðanna. Kirkja landsins, prestar og söfnuðir, eru einnig mikilvægir þátttakendur í sívaxandi samstarfi mannkyns alls, samstarfi sem knúið er áfram af sameiginlegri ábyrgð á örlögum heimsbyggðarinnar. Hin nýja samkennd er sprottin úr farvegi ólíkra trúarbragða sem í fyrstu kunna að virðast framandi en smátt og smátt snerta streng í brjóstum okkar allra.

Sumum kann að finnast að kirkja landsins sé um þessar mundir vanbúin að sinna þessum verkum vegna sundurlyndis og deilna sem nokkuð hafa markað svipmót hennar í opinberri umfjöllun. Vafasamt er að gera of mikið úr slíkum vanda eða telja hann nýjan af nálinni. Hollt er í þessum efnum að minnst texta úr hirðisbréfi Sigurbjörns Einarssonar biskups fyrir 36 árum síðan og hugleiða þá tíð sem síðan er liðin. Hirðisbréf herra Sigurbjörns bar heitið „Ljós yfir land“. Þar segir:

„Þegar litið er til íslensku þjóðkirkjunnar í dag, eru blæbrigði mörg í skoðunum, og innan um er um verulegan ágreining að ræða. En ég hygg, að ég sjái það rétt, að þau flokkaskil, sem nokkuð kveður að, séu fremur arfur en nýjar krossgötur, sem fersk hugsun hafi leitt menn á. Ég hygg, að tímamót séu runnin í þessu efni, og að heilbrigð þróun kirkjumála í landinu sé m.a. undir því komin, að yngri kynslóð presta og hugsandi kirkjumanna átti sig á því til hlítar. Aldamótin síðustu hafa ekki skipt farvegum til frambúðar. Þar með er ekki sagt, að elfur kirkjunnar falli framvegis í einni rás og í stöðugri lygju. Því fer fjarri að ég vænti þess. En næstu aldamót eru komin nær en þau síðustu.“

Þessi texti úr hirðisbréfi Sigurbjörns Einarssonar biskups til presta og safnaða árið 1960 ætti að vera öllum hvatning til að fjalla af hógværd og með jafnvægi hugans um vanda líðandi stundar. Jafnframt felst í textanum áminning um að tíminn flýgur hratt og þau aldamót sem Sigurbjörn biskup taldi nær eru nú aðeins örskot frá okkar tíð.

Hvorki þjóð né kirkja mega því slá slöku við eigi sú mikla hátíð íslenskrar kristni sem í vændum er að vera samboðin trú okkar og sæmd. Í þeim efnum er mikið verk að vinna. Það krefst öflugrar samstöðu innan kirkjunnar og gagnkvæms trúnaðar hins veraldlega og geistlega valds.

Ég óska kirkjuþingi farsældar í störfum og geri að lokaorðum eftirfarandi hvatningu úr niðurlagi hirðisbréfsins sem fyrr var nefnt:

„Hér er kirkja í landi vegna þess, að góður Guð elskar þessa þjóð og vill að hún eigi hlutdeild í lífi hinnar komandi veraldar, í sigri upprisunnar, ríki kærleikans.“

Kirkjan hjarir ekki af mannlegri náð. Hún lifir sakir Guðs náðar við þjóð og heim.

Og lífsstarf vort á að verða gjöf þeirrar náðar handa kirkju og þjóð.”